

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps
vegna breyttrar stærðar ÍB8 og VP5 í Sunnuhlíð.**

Skipulagsstofnun staðfesti 20. október 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, sem samþykkt var í sveitarstjórn 29. júní 2023.

Í breytingunni felst innbyrðis tilfærsla landnotkunarfláka í landi Sunnuhlíðar á Flúðum. Reitur fyrir verslun og þjónustu VP5 minnkar á kostnað íbúðarbyggðar ÍB8 og opins svæðis OP5. Afmörkun VP5 breytist lítillega og lega vegar og vegtenging færast til.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 20. október 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 3. nóvember 2023